

12. fundur stjórnar landssambands DKG

Haldinn á Skype 26. mars 2019 kl. 19.00-20.30.

Mættar: Jóna Benediktsdóttir, Helga M. Steinsson, Helga G. Halldórsdóttir, Jónína Hauksdóttir, Eygló Björnsdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Landssambandsþing

a) Dagskrá aðalfundar og lagabreytingar (JB).

Dagskrá aðalfundar er skýr í lögum og reglugerð. Samþykkt að byrja á tónlistaratriði, síðan verður kveikt á kertum og farið yfir markmið sambandsins. Næst verða Orð til umhugsunar og mun Eygló Björnsdóttir sjá um þau. Þessu næst verður látinna félagskvenna minnst og var samþykkt að biðja Sigríði Guðnadóttur að sjá um það, en Sigríður er félagskona í Epsilon deild og formaður félags- og útbreiðslunefndar. Síðan er Lace Marie Brogden með kveðju frá alþjóðasambandinu. Eftir þetta hefst aðalfundurinn 1. Kosning fundarstjóra. Leggjum til að Helga M. Steinsson verði fundarstjóri. 2. Kosning fundarritara: Stungið verður upp á Ingibjörgu Elsu Guðmundsdóttur, ritara landssambandsins og Ragnheiði Axelsdóttur úr Kappa deild. 3. Skýrsla stjórnar og umræður um hana, 4. Reikningar og umræður, 5. Árgjald ákveðið, samþykkt að leggja til að það verði óbreytt, 6. Fjárhagsáætlun lögð fram. 7. Kosning stjórnar, Guðbjörg Sveinsdóttir leggur fram tillögu uppstillingarnefndar. Tillögurnar liggja fyrir og eru: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Alfadeild, forseti, Jónína Hauksdóttir, Betadeild, 1. varaforseti, Guðrún Edda Bentsdóttir, Kappadeild, 2. varaforseti, Anita Jónsdóttir, Betadeild, ritari og Theodóra Þorsteinsdóttir, Deltadeild, meðstjórnandi. Tillagan verður send út með fundarboði. Helga Magnea mun stýra kosningunni. 8. Kosning uppstillingarnefndar. Tillagan er að Guðbjörg Sveinsdóttir, Betadeild, verði áfram formaður Uppstillingarnefndar og með henni í nefndinni þær Jóna Benediktsdóttir, lotadeild og Jónína Eiríksdóttir úr Deltadeild. Tillagan verður send út með fundarboði. Skoðunarmenn reikninga: Lagt til að Hildur Elín Vignir haldi áfram sem skoðunarmaður reikninga og Björg Eiríksdóttir taki við af Hafðísi Sigurgeirsdóttur. 9. Laga- og reglugerðarbreytingar, samþykkt að forseti kynni þær og segir frá starfi laganefndar. Spurning um að grúppa saman þær tillögur sem eru a. Vegna breytinga laga hjá alþjóðasambandinu, b. Orðalagsbreytingar vegna notkunar starfsheita í stað persónufornafna og c. Aðrar breytingar. Vekja þarf athygli á ákveðnum málum sem embættismenn sambandsins þurfa að vera meðvitaðir um eins og t.d. breytingu á fjárhagsárinu. Tillögurnar verða sendar út með fundarboði. Samþykkt að beina þeim tilmælum til félagskvenna að leggja breytingartillögur fram viku fyrir þing til hægðarauka. 10. Síðan eru önnur mál. Lagt var til að IEG kynnti ráðstefnuna undir þessum lið. Eftir þetta er hádegishlé. Kokkurinn í Kvennaskólanum sér um mat.

b) Dagskrá eftir hádegi (HS).

Menntamálanefnd hefur skipulagt þennan hluta þingsins. Þemað er Lífsins vegur – leiðsögn og nám. Byrjað verður á þingsetningu og ávarpi forseta. Lace Marie Brogden er næst og samræður um erindi hennar. Hún er ekki staðfest enn þá. Jóna tekur að sér að hafa samband við hana. Það þarf að kanna hvort hún ætlar að tengja sig við þema ráðstefnunnar og fá nafn á fyrirlestri hennar. Síðan er kaffi. Síðan er Sigrún Aðalbjarnardóttir með erindi og samræður verða um erindi hennar. Samantekt og þingslit í lokin. Samþykkt að forseti taki þennan lið að sér. Helga Magnea biður menntamálanefnd að skipuleggja samræður við fyrirlesara. Gjaldkerar eiga síðan að taka þátt í fræðslu eftir að þinginu lýkur og fá þær greiddan ferðakostnað á þingið.

c) Auglýsingar og skráning.

Mikilvægt að koma kynningu á landssambandsþinginu inn á vefinn. Eygló tekur það að sér. Skráning fer fram með því að greiða gjaldið til landssambandsins. Upplýsingum um reikningsnúmer verður komið á framfæri í kynningunni, sem að öðru leyti má byggja á texta í síðasta fréttabréfi.

2. Yfirferð frá stýrihópi (og hugmyndir að happdrætti) IEG.

Fjöldi skráninga er milli 80-90 manns mest erlendis frá og góð þátttaka í viðburðum. Markmiðið er að ná að minnsta kosti 200 skráningum. Dagskrá ráðstefnunnar er tilbúin og ákveðið var að fækka fyrirlesurum miðað við fyrstu drög. Allir fyrirlesarar eru kynntir á vefnum, en gera þarf smávægilegar breytingar á dagskránni vegna tilfærslu fyrirlesara. Auglýst var eftir umsóknum um vinnustofur og bárust 35 umsóknir. Valdar voru 28 vinnustofur, en 2 hættu við og voru teknar inn tvær vinnustofur af þeim lista sem hafði verið hafnað. Auglýst var eftir umsóknum um takeaways og bárust 16 umsóknir. Hægt verður að koma öllum að. Þetta efni fer fljótlega á vefinn. Bókanir á hótél eru rúmlega 50. Skráningar eru 7 í ferð á Reykjanes, en engar í Þingvallaferð. Það þarf lágmark 20 manns til að ferðir verði farnar. Lýsing á gönguferðum er komin á ráðstefnuvefinn. IEG sagði frá hugmynd um happdrætti sem skemmtiatriði á Grand Dinner. Rætt var hvernig hægt væri að afla vinninga. Lagt var til að Jenna myndi ræða við Dýrfinnu Torfadóttur vegna vinnings í happdrætti á Grand Dinner, sem landssambandið myndi greiða og væri þetta veglegasti vinningurinn. Jóna setur í forsetabréf beiðni til deilda um að leggja til vinninga í happdrættið. Það mætti t.d. vera heimaprjónaðir vettlingar, treflar eða húfur. Viðburðanefnd ætlar að ræða málið á næsta fundi sínum, en það er hlutverk þeirra að setja saman skemmtidagskrá á viðburðum og ráðstefnunni sjálfri. Verði þær jákvæðar gagnvart hugmyndinni setjum við þetta verkefni í gang.

3. Framkvæmdaráðsfundur JB.

Gert ráð fyrir að boða til framkvæmdaráðsfundar föstudaginn 3. maí. Formenn fá greitt vegna ferða á framkvæmdaráðsfund, svo og stjórnarmenn landssambandsins. Samþykkt að halda fundinn kl. 17.00 til 19.00. Í fundarboði yrðu formenn beðnir að koma með tillögur að verkefnum sem næsta stjórn gæti unnið að. Taka þarf fyrir fjárhagsáætlun og lagabreytingar og möguleg verkefni næsta tímabils. Tillaga um að vera með léttar veitingar í lok fundar var samþykkt. Rætt um að reyna að leita til Reykjavíkurborgar eftir húsnæði eða ella Setbergsskóla. Jóna gerir það og sendir tillögu að dagskrá.

4. Önnur mál

Lagt er til að skoða kaup á forsetanælum og formannanælum. Núna er líka hægt að fá nælur fyrir fyrrverandi forseta og formenn. Forseti myndi fá nælu sem gengur áfram til næsta forseta og sama myndi gilda um formenn. En um leið og þeir láta frá sér næluna fengju þeir næluna sem er hönnuð fyrir fyrrverandi forseta/formann að gjöf. Það þyrfti að leggja fyrir framkvæmdaráðið að gera þetta að hefð. Það er ekkert fjallað um þetta í lögum eða reglugerðum. Samþykkt að Jenna panti nokkrar nælur. Samþykkt að setja málið á dagskrá framkvæmdaráðs. Lagt til að stjórn landssambands fari saman út að borða eftir þingið. Samþykkt.

Næsti fundur verður haldinn 23. apríl kl. 19.00 á Skype.